

7.fundur 2014

Haldinn að Breiðabliki 15.5 2014

Mættir:

Guðbjartur Gunnarsson, Halldór Jónsson, Hrefna Birkisdóttir, Pröstur Aðalbjarnarson og Svanur Guðmundsson í forföllum Sigurðar Hreinssonar

1. mál

Ársreikningur Eyja-og Miklaholtshrepps 2013- seinni umræða

Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

Hagnaður var 11,4 milj. , eigið fé 177,4 milj., handbært fé frá rekstri 20,2 milj.

2. mál

Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 31. maí 2014 lögð fram. Hún samþykkt samhljóða. 104 eru á kjörskrá.

3. mál

Svæðisgarður- staðfesting skipulags hans. Hreppsnefnd leggur fram eftirfarandi bókun, sjá fylgiblað 1.

4. mál

Yfirlýsing frá Miðhrauni 2 um hlutabréfakaup lögð fram.

Félagsbúið Miðhrauni 2 sf og Sigurður Hreinsson bjóða hreppnum hlutafé sitt í HEM til kaups að gefnum skilyrðum.

Málinu vísað til næstu sveitarstjórnar.

5. mál

Bréf vegna Laugargerðisskóla.

Starfsmenn Laugargerðisskóla beina því til sveitarstjórnar að faglegt ytra mat hjá Námsmatsstofnun fari fram á öllum þáttum Laugargerðisskóla. Samþykkt.

Undir þessum lið var fundargerð fræðslu-og skólanevndar lögð fram.

6. mál

Gistileyfi í Hvammi

Ekki koma fram athugasemdir við að gistileyfið verði endurnýjað.

7. Önnur mál

Fundargerðir skipulags-og byggingarnefndar frá 30.apr. 2014 og 12. maí 2014 lagðar fram og samþykktar.

Oddviti greindi frá fundum hjá Héraðsnefnd Snæfellinga og aðalfundi Brákarhlíðar hjúkrunar-og dvalarheimilis í Borgarnesi.

Oddviti taldi þetta síðasta reglulegan fund á kjörtímabilinu og þakkaði hreppsnefndarmönnum samstarfið á því kjörtímabili sem senn er að ljúka.

Fleira ekki gert og fundi slitið.